

Skeljungur hf.

Ársreikningur samstæðunnar
2014

Skeljungur hf.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Kt.. 590269 -1749

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Skeljungs hf. og dótturfélaga þess. Þetta eru fyrstu reikningsskil samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Starfsemi samstæðunnar skiptist að mestu milli félaganna Skeljungs og Magns. Skeljungur heldur utan um starfsemi félagsins á bensínmarkaði á Íslandi undir merkjum Skeljungs, Shell og Orkunnar. Megintilgangur félagsins er innflutningur, sala og dreifing á olíu, en einnig smurolíu, efnavöru og áburði. Skeljungur er með starfsemi á 65 bensínsinstöðvum og 9 olíubirgðastöðvum. P/F Magn er með starfsemi í Færeyjum og megintilgangur félagsins er innflutningur, sala og dreifing á olíu og smásöluverslun. Félagið er með ellefu smásölu- og bensinstöðvar víðs vegar um Færeyjar. Viðskiptavinir félaganna koma úr öllum geirum samfélagsins og markaðshlutdeild þeirra er stór.

Í lok júlí 2014 leigði Skeljungur út smásöluhluta tólf þjónustustöðva til Tíu-ellefu ehf. Tíu-ellefu ehf. tók yfir reksturinn í september 2014. Skeljungur heldur áfram að selja bensín og olíu á þessum stöðvum en smásölureksturinn er flokkaður sem aflögð starfsemi í ársreikningi 2014. Heildaráhrif aflagðrar starfsemi nema 422 millj. kr. Nánari útlitun á flokkun er að finna í skýringu 6 í ársreikningnum.

Þann 22. september var haldinn hluthafafundur þar sem stjórninni var heimilað að auka hlutafé Skeljungs um 940,8 millj. kr. á verðinu 2,47 kr. á hlut. Hlutirnir voru svo notaðir til að kaupa 66% hlut í P/F Magn í Færeyjum frá SF IV slhf., eigendum Skeljungs. Fyrir kaupin átti Skeljungur 34% hlut í félaginu. Viðskiptin þörfnuðust samþykki Seðlabanka Íslands sem var veitt í nóvember 2014. Þar sem Magn er nú að fullu í eigu Skeljungs hf. er það tekið inn í samstæðureikningsskilin frá og með 1. janúar, þar sem sameiginleg yfirráð voru til staðar frá því SF IV slhf. keypti hlutina í janúar 2014.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu tekjur samstæðunnar 42.768 millj. kr. og hagnaður ársins nam 570,8 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 21.424 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar í lok reikningsársins nam 8.097 millj. kr. og eiginfjárhlutfall var 37,8%.

Hlutafé félagsins var 2.704 millj. í árslok og var það í eigu tveggja aðila en þeir voru sex í ársbyrjun. Hluthafar í árslok voru eftirfarandi:

	Eignarhluti
SF IV slhf.	99,9%
SF IV GP hf.	0,1%

Stjórn félagsins vísar til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum á árinu, en tillaga um arðgreiðslu verður lögð fram á aðalfundi félagsins.

Stjórn og forstjóri Skeljungs hf. staðfesta hér með undirritun sinni, ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2014.

Reykjavík, 16. apríl 2015.

Stjórn:



Forstjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Skeljungs hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Skeljungs hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Skeljungs hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2014, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. apríl 2015

KPMG ehf.

Mattias Þor Ólafsson
Ragnar Stefnir Guðsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Sala	7	42.768.220	30.779.514
Kostnaðarverð seldra vara	8	(36.202.163)	(26.458.751)
Framlegð		<u>6.566.057</u>	<u>4.320.763</u>
 Aðrar rekstrartekjur	 9	 325.293	 451.045
Laun og launatengd gjöld	10	(1.937.048)	(1.143.485)
Sölu- og dreifingarkostnaður	11	(1.774.474)	(1.423.353)
Annar rekstrarkostnaður	12	(404.657)	(271.171)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		<u>2.775.171</u>	<u>1.933.799</u>
Virðisrýrnun viðskiptavildar	15	0	(250.000)
Afskriftir rekstrarfjármuna	16	(817.887)	(608.738)
Rekstrarhagnaður		<u>1.957.283</u>	<u>1.075.061</u>
Fjármunatekjur	13	59.321	49.787
Fjármagnsgjöld	13	(788.720)	(849.177)
		<u>(729.400)</u>	<u>(799.390)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	20	11.043	(7.331)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>1.238.927</u>	<u>268.340</u>
Tekjuskattur	14	(245.983)	(55.207)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi		<u>992.944</u>	<u>213.133</u>
Tap af aflagðri starfsemi eftir tekjuskatt	6	(422.149)	(158.509)
Hagnaður ársins		<u>570.795</u>	<u>54.624</u>
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi.			
Þýðingarmunur erlendra hlutdeildar- og dótturféлага		(37.869)	(111.202)
Heildarhagnaður (-tap) ársins		<u>532.926</u>	<u>(56.578)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags		992.944	213.133
Minnihluti í dótturfélagi		0	(290)
Hagnaður		<u>992.944</u>	<u>212.843</u>
Hagnaður ársins skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags		570.795	54.624
Minnihluti í dótturfélagi		0	(290)
Hagnaður		<u>570.795</u>	<u>54.334</u>
Heildarhagnaður (-tap) ársins skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags		532.926	(56.578)
Minnihluti í dótturfélagi		0	(290)
Hagnaður (tap)		<u>532.926</u>	<u>(56.868)</u>
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	26	<u>0,30</u>	<u>0,03</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 36 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013	1.1.2013
Fastafjármunir				
Viðskiptavild	15	3.640.161	1.351.038	1.601.038
Aðrar óefnislegar eignir	16	768.983	0	0
Rekstrarfjármunir	17,18,19	11.238.210	8.986.786	9.176.982
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	20	52.623	1.462.002	1.593.126
Langtímakröfur	21	33.020	77.500	97.173
Fastafjármunir		<u>15.732.996</u>	<u>11.877.326</u>	<u>12.468.319</u>
Veltufjármunir				
Birgðir	22	2.295.497	2.409.569	2.559.768
Viðskiptakröfur	23	2.552.907	1.761.493	1.671.774
Aðrar skammtímakröfur	24	188.350	191.974	342.868
Handbært fé		654.635	202.956	718.160
Veltufjármunir		<u>5.691.390</u>	<u>4.565.992</u>	<u>5.292.570</u>
Eignir samtals		<u>21.424.386</u>	<u>16.443.318</u>	<u>17.760.889</u>
Eigið fé				
Hlutfé	25	2.703.594	1.762.805	1.762.805
Yfirverðsreikningur hlutfjár		4.010.496	2.366.490	2.366.490
Lögbundinn varasjóður		216.342	187.802	185.056
Varasjóður vegna kaupréttarsamninga	25,27	36.861	0	0
Þýðingarmunur eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélagi		(92.619)	(54.750)	56.452
Óráðstafað eigið fé		1.222.627	1.264.875	1.323.914
Eigið fé hluthafa móðurfélags		<u>8.097.300</u>	<u>5.527.222</u>	<u>5.694.717</u>
Hlutdeild minnihluta		0	2.358	2.648
Eigið fé samtals		<u>8.097.300</u>	<u>5.529.580</u>	<u>5.697.366</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Tekjuskattsskuldbinding	28	863.646	618.370	749.474
Skuldir við lánastofnanir	29	6.886.047	6.348.074	7.257.705
Langtímaskuldir og skuldbindingar		<u>7.749.694</u>	<u>6.966.444</u>	<u>8.007.179</u>
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	29	1.043.896	772.821	677.443
Viðskiptaskuldir		1.816.221	448.110	545.758
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	29	531.793	591.220	529.633
Skuldir við tengd félög		6.027	1.942	79
Skattar tímabilsins	29	193.451	135.850	47.720
Aðrar skammtímaskuldir	30	1.986.005	1.997.351	2.255.711
Skammtímaskuldir		<u>5.577.392</u>	<u>3.947.294</u>	<u>4.056.344</u>
Skuldir samtals		<u>13.327.086</u>	<u>10.913.738</u>	<u>12.063.523</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>21.424.386</u>	<u>16.443.318</u>	<u>17.760.889</u>
Veðsetningar og skuldbindingar	29			

Skýringar á blaðsíðum 9 - 36 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit árið 2014

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Varasjóður v. kaupréttar- samninga	Pýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
2013									
Eigið fé hluthafa 31.12.2012	1.762.805	2.366.490	185.056	0	56.452	1.193.149	5.563.952	2.648	5.566.600
Eigið fé 1/1 áhrif IFRS						130.765	130.765		130.765
Staða 1. janúar 2013	1.762.805	2.366.490	185.056	0	56.452	1.323.914	5.694.717	2.648	5.697.365
Heildartap ársins					(111.202)	68.706	(42.496)	(290)	(42.786)
Lagt í lögbundinn varasjóð			2.746			(2.746)	0		0
<i>Viðskipti við eigendur félagsins</i>							0		0
Greiddur arður (0,071 kr. á hlut)						(125.000)	(125.000)		(125.000)
Staða 31. desember 2013	1.762.805	2.366.490	187.802	0	(54.750)	1.264.875	5.527.222	2.358	5.529.580
2014									
Eigið fé hluthafa 31.12.2013	1.762.805	2.366.490	187.802	0	(54.750)	1.264.875	5.527.222	2.358	5.529.580
Heildarhagnaður ársins					(37.869)	570.795	532.926		532.926
Lagt í lögbundinn varasjóð			28.540			(28.540)	0		0
<i>Viðskipti við eigendur félagsins</i>	940.789	1.644.006		36.861		(36.861)	2.584.795		2.584.795
Yfirtekinn hlutur minnihluta						2.358	2.358	(2.358)	0
Greiddur arður (0,312 kr. á hlut)						(550.000)	(550.000)		(550.000)
Staða 31. desember 2014	2.703.594	4.010.496	216.342	36.861	(92.619)	1.222.627	8.097.300	0	8.097.300

Skýringar á blaðsíðum 9 - 36 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		570.795	54.624
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	16,17	939.075	626.817
Virðisryrnun viðskiptavildar	15	0	250.000
Áhrif hlutdeildarféлага	20	(11.043)	7.331
Fjármagnsliðir		729.400	799.390
Áhrif kaupréttarsamninga		36.861	0
Sölutap (-hagnaður) eigna		26.611	(89.568)
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda		0	120.121
Tekjuskattur	28	69.031	(131.103)
		<u>2.360.729</u>	<u>1.637.612</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, lækkun		1.072.993	150.199
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun		281.363	61.462
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, lækkun		(488.153)	(290.796)
		<u>866.203</u>	<u>(79.135)</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>3.226.932</u>	<u>1.558.477</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		59.321	49.787
Greidd vaxtagjöld		(781.892)	(776.679)
Greiddur tekjuskattur		(252.831)	(47.720)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.251.529</u>	<u>783.865</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	17	(750.373)	(520.925)
Söluverð rekstrarfjármuna		40.955	114.669
Söluverð eignarhluta í hlutdeildarfélagi		0	5.284
Arður frá hlutdeildarfélögum		2.000	39.349
Verðbréf, breyting		56.580	19.673
Handbært fé frá dótturfélagi, nýtt í samstæðu		368.209	358
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(282.629)</u>	<u>(341.592)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(550.000)	(125.000)
Afborganir langtímalána		(1.084.054)	0
Tekin ný langtímalán		0	(935.349)
Skammtímalán, breyting		141.445	95.378
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.492.609)</u>	<u>(964.971)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		476.291	(522.698)
Þýðingarmunur á handbæru fé		(24.612)	7.494
Handbært fé í byrjun árs		<u>202.956</u>	<u>718.160</u>
Handbært fé í lok árs		<u>654.635</u>	<u>202.956</u>
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í eignarhlut í dótturfélagi		(2.584.795)	0
Hækkun hlutafjár		2.584.795	0

Skýringar á blaðsíðum 9 - 36 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Félagið

Skeljungur hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 26, Reykjavík. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, P/F Magn, S-fasteigna ehf., Birgðastöðvarinnar Miðsandi ehf., Tolluvörugæmslu Skeljungs ehf. og Bensínorkunnar ehf. (sem vísað er til í heild sem "samstæða" og eitt og sér sem "félag") og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélagum.

Skeljungur er olíuinnflutnings fyrirtæki með víðtæka starfsemi í þjónustu og verslun á Íslandi. Félagið er með starfsemi á 65 smásölu- og bensínstöðvum og 10 olíubirgðastöðvum. P/F Magn í Færeyjum er með starfsemi á 11 smásölu- og bensínstöðvum og 3 olíubirgðastöðvum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Þetta er fyrsti ársreikningur samstæðunnar sem gerður er í samræmi við IFRS og hefur IFRS 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla verið beitt við gerð hans. Áhrif innleiðingarinnar á fjárhagsstöðu, fjárhagslegan árangur og sjóðsstreymi samstæðunnar eru skýrð út í skýringu 39.

Stjórn Skeljungs hf. samþykkti ársreikninginn þann 16. apríl 2015.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í skýringu 15 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild.

Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söluverð eigna og uppgreiðsluverðmæti skulda kann að vera frábrugðið þessu mati.

e. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir, fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

- Skýring 15 - Virðisrýrnun viðskiptavildar
- Skýring 22 - Niðurfærsla birgða
- Skýring 31 - Niðurfærsla viðskiptakrafna

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samstæðan hefur beitt reikningsskilaaðferðum sem lýst er í þessari skýringu með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og við gerð upphafsefnahagsreiknings 1. janúar 2013 vegna yfirfærslu til IFRS, nema að annað sé tekið fram.

a. Grundvöllur samstæðu

i) Sameining fyrirtækja

Samstæðan færir sameiningu fyrirtækja með því að nota kaupaðferðina þegar yfirráð flytjast til hennar (sjá (a)(ii)). Endurgjald fyrir yfirtöku er að jafnaði metið á gangvirði eins og keyptar hreinar aðgreinanlegar eignir. Viðskiptavild sem verður til er virðisprófuð árlega. Allur hagnaður af hagstæðum kaupum er færður í rekstrarreikning þegar í stað.

Hlutdeild annarra eigenda, það er þeirra sem ekki eru ráðandi, er metin miðað við hlutdeild þeirra í aðgreinanlegum eignum yfirtekinnar einingar á kaupdegi.

Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að aðlaga þær aðferðum samstæðunnar

iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

iv) Dótturfélög með aðra starfrækslumynt

Eignir og skuldir dótturfélaga með aðra starfrækslumynt en móðurfélagið eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þeirra eru umreiknuð í ISK á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærsluna í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu og meðal eigin fjár. Fjárhæðir í sjóðstreymi eru umreiknaðar í ISK á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærsluna í ISK er sýndur sem sérstakur liður í sjóðstreymi.

v) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum nýtanlegum atkvæðarétti, ef einhver er.

Hlutdeildarfélögin eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði og er þar meðtalin kostnaður við kaupun.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil félagsins á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast vegna eigna og skulda er færður í yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Lán, kröfur og bankainnstæður eru færðar til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim degi sem samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi fjáreignanna rennur út eða ef samstæðan framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yferráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Sá hluti framseldra fjáreigna sem stofnað er til eða haldið er eftir af félaginu er færður sem sérstök eign eða skuld.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur samstæðunnar er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða að innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum, sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádröginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af handbæru fé, viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum og langtímakröfum.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnstæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf eru upphaflega bókfærð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerðingsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur samstæðunnar er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Samstæðan flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(iii) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Beinn viðskiptakostnaður vegna þeirra er færður í rekstrarreikning eftir því sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar (að meðtöldum innbyggðum afleiðum) færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(iv) Áhættuvarnarreikningsskil

Þegar afleiða er skilgreind sem áhættuvarnargerningur í áhættuvörn sem gerð er vegna breytingar á gangvirði bókfærðar eignar, skuldar eða ákveðinnar skuldbindingar sem gæti haft áhrif á afkomu samstæðunnar þá er breyting á gangvirði afleiðunnar færð í rekstrarreikning ásamt þeim breytingum á gangvirði áhættuvarnarliðsins sem tengjast hinni vörðu áhættu.

Ef áhættuvarnarafleiðan rennur út, er seld, sagt upp eða nýtt eða ef áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir beitingu áhættuvarnarreikningsskila, eða ef áhættuvarnarsambandið er afturkallað, þá er beitingu áhættuvarnarreikningsskila hætt frá þeim tímapunkti.

(v) Hlutfé

Beinn kostnaður við útgáfu almenna hluta er færður til lækkunar á eigin fé að frádregnum tekjuskattsáhrifum.

d. Óefnislegar eignir og viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélagum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregningu uppsafnaðri virðisrýrnun. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt að minnsta kosti árlega.

Hugbúnaður og viðskiptasambönd frá dótturfélagi sem hafa ákveðinn líftíma, eru færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og uppsafnaðri virðisrýrnun ef einhver er.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og uppsafnaðri virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan beinan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði búnaðar.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar meðal rekstrarfjármuna.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er ákvarðað með því að bera saman söluverð og bókfært verð eignarinnar og er jafnað saman og fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða annars rekstrarkostnaðar.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Reglulegar viðgerðir og viðhald er fært til gjalda þegar kostnaður fellur til.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði eignar að frádregnu niðurlagsverði. Verulegir einstakir hlutar einstakraigna eru metnir og ef hlutinn hefur nýtingartíma sem er annar en eignin sjálf, þá er sá hluti afskrifaður sérstaklega.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Rekstrarfjármunir eru afskrifaðir frá þeim degi sem þeir eru uppsettir og tilbúnir til notkunar eða í tilvikum eigna sem samstæðan byggir sjálf, frá þeim degi sem eignin er fullgerð og tilbúin til notkunar.

Skýringar, frh.:

e. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

(iii) Afskriftir frh.

Áætlaður nýtingartími á árinu og samanburðarári greinist þannig:

Olíustöðvar og fasteignir	11 - 50 ár
Vélar, áhöld og tæki	4 - 13 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörssdegi og breytt ef það er viðeigandi.

f. Leigðar eignir

Leigusamningar teljast rekstrarleigusamningar og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi samstæðunnar.

g. Rekstrarvörubirgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörssdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöruna.

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, þar með töldum eignarhlutum í hlutdeildarfélagum. Fjáreign telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun ef hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða eftir upphaflega skráningu eignarinnar, sem leiða til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti.

Við mat á virðisrýrnun einstakra flokka fjáreigna styðst félagið við sögulega leitni á líkum um vanskil, tímasetningu endurheimtu og innleyst töp, með tilliti til mats stjórnenda á því hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður leiði til að tapið verði í raun hærra eða lægra en söguleg reynsla segir til um. Vegna fjárfestinga í eiginfjárgerningum er veruleg eða langvarandi lækkun gangvirðis niður fyrir kostnaðarverð metin sem hlutlæg vísbending um virðisrýrnun. Samstæðan telur lækkun vera verulega ef hún nær 20% og langvarandi ef hún nær yfir níu mánaða tímabil.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar eru gerð að minnsta kosti árlega.

Eignum er skipt upp í minnstu fjárskapandi einingar sem hægt er prófa fyrir virðisrýrnun og eru óháðar öðrum eignum eða fjárskapandi einingum. Viðskiptavild sem myndast vegna sameiningar fyrirtækja er skipt á fjárskapandi einingar eða hóps fjárskapandi eininga sem vænta má að njóti góðs að samlegðaráhrifum.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnunin er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

Skýringar, frh.:

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Iðgjaldatengd lífeyriskerfi eru eftirlaunahlunnindi þar sem samstæðan greiðir föst framlög til lífeyrissjóða og ber hvorki lagalega né ætlaða skyldu til að greiða frekari framlög. Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður sem laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi á þeim tímabilum sem starfsmenn veita samstæðunni þjónustu. Fyrirframgreidd framlög eru færð til eignar að því marki sem endurgreiðsla eða lækun á framtíðargreiðslum er fyrir hendi.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbinding er metin út frá væntu framtíðarfjárfleði, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta sem endurspeglar markaðsþætti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni. Bakfærsla núvirðingarinnar er færð sem fjármagnsgjöld.

k. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur af sölu á vörum í venjulegri starfsemi eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt. Tekjur eru almennt færðar við afhendingu enda flytjast áhætta og ávinningur að jafnaði til kaupanda um leið og afhending á sér stað.

(ii) Aðrar rekstrartekjur

Meðal annarra rekstrartekna færast umboðslaun, hagnaður af sölu eigna, leigutekjur og aðrar tekjur. Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu vöru eða þjónustu.

(iii) Leigutekjur

Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

l. Gjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af innkaupsverði seldra birgða ásamt flutningskostnaði, vörugjöldum og tollum.

(ii) Rekstrarleigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðtekjum og gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning og virðisrýrnun annarra fjáreigna en lána og krafna.

Hagnaði eða tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman og fært annað hvort sem fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld eftir því sem við á.

n. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu og frestaður tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða meðal annarrar heildarafkomu í yfirliti um heildarafkomu.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með efnahagsskuldbindingaraðferðinni vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman ef til staðar er lagaleg heimild til að jafna tekjuskatt til greiðslu á móti skatteign og þær heyra undir sömu skattyfirvöld.

Skatteign er færð vegna yfirfæranlegs skattalegs taps, skattaívilnana og frádráttarbærra tímabundinna mismuna að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteignin er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

o. Aflögð starfsemi

Þegar samstæðan leggur af starfsemi sem er aðgreinanleg frá áframhaldandi starfsemi félagsins er gerð grein fyrir áhrifum þess í ársreikningi. Mat á því hvenær rekstrareining telst vera aflögð starfsemi er annað hvort þegar hún hefur verið seld eða ákvörðun hefur verið tekin um að hætta rekstri hennar. Starfsemi er flokkuð sem aflögð þegar hún er seld eða öllum skilyrðum um eign haldið til sölu er mætt. Þegar starfsemi hefur verið skilgreind sem aflögð, þá er samanburðartölum breytt eins og að starfsemin hefði verið aflögð frá upphafi samanburðartímabils.

p. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gefið út breytanleg skuldabréf og kaupréttarsamningar voru gerðir í árslok og hafa ekki áhrif á útreikning.

q. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er eining innan samstæðunnar sem viðhefur starfsemi sem getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þ.m.t. tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðrar rekstrareiningar samstæðunnar. Afkoma starfspátta, sem aðskildar fjárhagsupplýsingar eru fáanlegar fyrir, eru reglulega skoðaðar af stjórnendum félagsins til þess að taka ákvarðanir um úthlutun auðlinda til starfspáttarins og við mat á árangri hans. Stjórnendur samstæðunnar álíta hana einn starfspátt. Landfræðilegir starfspættir eru tveir.

r. Nýir reikningsskilastaðar og túlkanir

Nokkrir nýir reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim hafa tekið gildi fyrir reikningsskilaár sem hefjast eftir 1. janúar 2015, og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings. Ekki er gert ráð fyrir að neinir af þessum stöðlum muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

4. Breytingar á samstæðunni

Þann 22. september var haldinn hluthafafundur þar sem stjórninni var heimilað að auka hlutfé Skeljungs um 940,8 hluti á genginu 2,47 kr. á hlut. Hlutirnir voru svo notaðir til að kaupa 66% hlut í P/F Magn í Færeyjum af SF IV slhf., eigendum Skeljungs. Fyrir kaupin átti Skeljungur 34% hlut í félaginu. Viðskiptin þörfuðust samþykkis Seðlabanka Íslands sem var veitt í nóvember 2014. Þar sem Magn er nú að fullu í eigu Skeljungs hf. er það tekið inn í samstæðureikningsskilin frá og með 1. janúar, þar sem sameiginleg yfirlit voru til staðar frá því SF IV slhf. keypti hlutina í janúar 2014.

Kaupin höfðu eftirfarandi áhrif á ársreikning samstæðunnar þann 1.1.2014

Viðskiptavild	2.350.297
Aðrar óefnislegar eignir	755.060
Rekstrarfjármunir	2.549.661
Birgðir	982.732
Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur	1.102.971
Handbært fé	368.209
Tekjuskattsskuldbinding	(305.214)
Langtímaskuldir	(1.388.208)
Skammtímaskuldir	(2.412.291)
Hrein eign	4.003.217
Bókfært verð 34% hlutar samstæðunnar í upphafi árs IFRS	(1.418.422)
Greitt með hlutafjárukningu	(2.584.795)

5. Landfræðileg skipting

Við framsetningu upplýsinga hér að neðan er byggt á landfræðilegri staðsetningu félaga í samstæðu.

i) Tekjur

Ísland	28.677.254
Færeyjar	14.416.259
Samtals	43.093.513

ii) Fastafjármunir

Ísland	11.131.387
Færeyjar	4.601.609
Samtals	15.732.996

Skýringar, frh.:

6. Aflögð starfsemi

Í september 2014 tók Rekstrarfélag Tíu-ellefu ehf. við smásölurekstri 12 bensínstöðva Skeljungs hf. á höfuðborgarsvæðinu. Félagið leigir húsnæði af Skeljungu hf. og sér um að þjónusta viðskiptavinum Skeljungs hf. sem koma inn til að greiða eldsneyti. Áhrif þess á Skeljungu er að starfsmönnum fækkaði um 120 og velta félagsins á ársgrundvelli lækkar um u.þ.b. 1,8 milljarð króna. Í rekstrarreikningi eru færðar í einni línu tekjur að frádregnum gjöldum þar með talið afskriftum og tekjuskatti. Tap af aflagðri starfsemi greinist þannig:

a) Tap af aflagðri starfsemi	Skýr.	2014	2013
Tekjur		1.533.808	1.942.188
Gjöld		(2.061.494)	(2.140.324)
Tap af aflagðri starfsemi fyrir tekjuskatt		(527.686)	(198.136)
Tekjuskattur	14	105.537	39.627
Tap af aflagðri starfsemi eftir tekjuskatt		(422.149)	(158.509)
Grunn- og þynnt tap á hlut		(0,16)	(0,09)

Með gjöldum eru taldar afskriftir eigna aflagðrar starfsemi að fjárhæð 121,2 millj. kr. (2013: 18,1 millj. kr.)

b) Sjóðsstreymi aflagðrar starfsemi

	2014	2013
Handbært fé frá rekstri	(237.085)	(180.057)
Lækkun á handbæru fé ársins	(237.085)	(180.057)

7. Sala

Sala greinist þannig	2014	2013*
Eldsneyti	38.989.853	28.239.573
Vörusala	3.778.367	2.539.941
Sala samtals	42.768.220	30.779.514

8. Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig	2014	2013*
Eldsneyti	33.546.380	24.605.067
Aðrar vörur	2.655.783	1.853.684
Kostnaðarverð seldra vara samtals	36.202.163	26.458.751

9. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:	2014	2013*
Leigutekjur	150.829	115.628
Söluhagnaður eigna	1.191	89.568
Umboðslaun	37.998	68.694
Endurgreiðsla úr flutningsjöfnunarsjóði	77.192	77.687
Akstur og önnur sendingargjöld	14.666	15.428
Aðrar tekjur	43.417	84.040
Aðrar rekstrartekjur samtals	325.293	451.045

* Samanburðarfjárhæðir innihalda ekki P/F Magn

Skýringar, frh.:

10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2014	2013*
Laun	2.011.302	1.449.747
Mótframlag í lífeyrissjóð	202.644	140.563
Önnur launatengd gjöld	273.997	180.641
Laun og launatengd gjöld aflagðrar starfsemi	(550.895)	(627.466)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.937.048</u>	<u>1.143.485</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í heilsársstörf	298	243
Stöðugildi í lok tímabils	224	233

Heildarlaun stjórnar, forstjóra og sjö framkvæmdastjóra námu samtals 231,5 millj. kr. á tímabilinu. (2013: 146,8 millj. kr., fimm framkvæmdastjórar). Forstjóri og fjármálastjóri félagsins létu af störfum á árinu og starfslokasamningar þeirra voru gjaldfærðir á árinu.

11. Sölu- og dreifingarkostnaður

Sölu og dreifingarkostnaður greinist þannig	2014	2013*
Dreifingarkostnaður	847.462	700.831
Markaðskostnaður	471.582	354.769
Húsnæðiskostnaður	455.430	367.753
Sölu og dreifingarkostnaður samtals	<u>1.774.474</u>	<u>1.423.353</u>

12. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig	2014	2013*
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	311.807	186.389
Rekstur húsnæðis	37.210	40.078
Upplýsingatækni	55.640	44.704
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>404.657</u>	<u>271.171</u>

13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2014	2013*
Vaxtatekjur af handbæru fé	2.880	8.224
